

HAFNARPÓSTURINN

MÁLGAGN ÍSLENDINGAFÉLAGSINS

Október 2004 6. töl 19. árgangur



Smásagnasamkeppni



Bls. 17 ►

Barnaopna



Bls. 14 ►

Íslendingum illa við Dani



Bls. 16 ►

Sigrún hjá PP Forlagi



Bls. 18 ►



Orkuboltinn Björk

Kaupmannahafnarbúar eiga þess kost á að sjá íslenska einleikinn „Cellofan“ í danskri uppfærslu í Folketeatret um þessar mundir. Einleikurinn sló í gegn

á Íslandi, sýningarnar þar telja á þriðja hundrað og nú fer leikritið sigurför um heiminn. Hafnarpósturinn ræddi við höfundinn, Björk Jakobsdóttur.

Bls. 10 ►

Enn og aftur...

Á þröskuldi nýrra tíma

Leiðari

Margrét V. Helgadóttir

Fyrsti Hafnarpóstur haustsins er nú kominn út. Ritnefndin er úthvöld og endurnærð eftir sumarið. Við erum uppfyll af hugmyndum sem við vonumst eftir að hrinda í framkvæmd með ykkar þátttöku. Við getum að sjálfsögðu setið ein við lyklaborðið og skrifað sjálf allar greinar og öll viðtöl sem okkur dettur í hug, en við höfum engan áhuga á að einoka þetta skemmtilega starf. Við þykjumst vita að úti í bæ sé fjöldi hæfileikafólks sem hefur áhuga á að taka þátt í þessu starfi. Þannig tekst okkur betur að endurspegla þann fjölbreytileika sem ríkir í íslensku nýlendunni við Eyrarsund.

Þær breytingar hafa orðið síðan í vor, að í stað tveggja ritstjóra starfar nú ritnefnd með ritstjóra blaðsins. Barði Valdimarsson er hættur sem ritstjóri. Við viljum þakka honum fyrir góð störf og óskum honum velfarnaðar á öðrum vettvangi. Undirrituð er ritstjóri Hafnarpóstsins, en auk hennar

skipa ritnefndina Þórarinn Leifsson og Erla Sigurðardóttir. Sjálf hef ég unnið sem blaðamaður á Íslandi og vinn nú að ýmsum fjölmiðlunarverkefnum. Erla var á árum áður ritstjóri blaðsins en les nú prófarkir af samviskusemi, þegar hún er ekki önnur kafin við bókaútgáfu og bókmenntakynningu. Þórarinn rekur litla auglýsingastofu og tekur að sér myndskreytingar, auglýsingateiknun, umbrot og vefhönnun.

Breytt útgáfa

Við stöndum á þröskuldi nýrra tíma. Við höfum ákveðið að breyta útgáfu blaðsins örlítið með því að fækka blöðunum úr átta tölublöðum á ári í sex. Nýr vefur Íslendingafélagsins hefur óneitanlega áhrif á innihald blaðsins. Á vefnum er að finna upplýsingar um félagsstarfseminu, og það sem er á döfinni hverju sinni. Því léttir hann blaðið undan tilkynningaskyldunni. Þess í stað viljum við birta viðtöl og greinar til að bregða upp lifandi mynd af því sem er að gerast í íslensku nýlendunni í Kaupmannahöfn. Íslendingar eru að alls staðar, ekki bara í fótbolta og á konukvöldum með löndum sínum, heldur taka þeir fullan þátt í mannlífinu hér í Borginni við Sundið. Án þess að gleyma rótunum – við

gleymum ekki hvaðan við komum og það er styrkur okkar að geta skoðað þjóðfélög in í báðum löndum með öðrum augum en heimamenn á báðum stöðum.

Vetrarstarfið hjá ÍFK ...

... Vetrarstarfið hjá ÍFK er nú komið á fullt skrið og það er von okkar að sem flestir finni sér eitthvað við hæfi í félagslífi vetrarins. Okkur hlýnaði heldur um hjartaræturnar að sjá hversu margir lögðu leið sína í Jónshús á nýbúakynninguna þann 17. september sem var fyrsti viðburður haustsins. Setið var í hverjum stól í aðalsalnum og greinilegt að nýfluttir Íslendingar kunnu vel að meta þetta framtak. Aðalfundur félagsins verður haldinn fimmtudaginn 28. október og við hvetjum að sjálfsögðu alla félagsmenn til að mæta. Og síðast en ekki síst, skilafresturinn í smásagnasamkeppninni hefur verið framlengdur til 10. október. Í framhaldi af því viljum við bara minna á að hægt er að nálgast allar nánari upplýsingar um félagið og starfsemin á vefnum okkar: www.islendingafelagid.dk og sömuleiðis er hægt að sjá hvað er á dagskrá Jónshúss hverju sinni á vefslóðinni www.jonshus.dk.



Hafnarpósturinn

6. tölublað 19. árgangur 2004

Hafnarpóstur er prentaður í 1000 eintökum.

Útgefandi og ábyrgð:

Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn
hafnarpostur@islendingafelagid.dk

Ritstjórn

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Margrét V. Helgadóttir

island@paradis.dk

Sími 4498 6070

Prófarkalestur: Erla Sigurðardóttir

Umbrot: Þórarinn Leifsson

Auglýsingar: Guðmundur Daníelsson

formadur@islendingafelagid.dk

Árgjöld 2003-2004

Einstaklingar: 150 DK

Fjölskyldur: 200 DKK

Ellilífeyrisþegar: 50 DKK

Árgjöld greiðist inn á giróreikning
609-0559

Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn

Formaður: Guðmundur Daníelsson

formadur@islendingafelagid.dkVaraformaður: Ingi Þór Magnússon
ingi@pc.dk

Gjaldkeri: Hildur Gestsdóttir

gjaldkeri@islendingafelagid.dk

Ritari: Margrét V. Helgadóttir

ritari@islendingafelagid.dk

Barði Valdimarsson

bardi@islendingafelagid.dkSkemmtanastjóri: Katrín Georgsdóttir
Elgaardkata@islendingafelagid.dk

Menningarfulltrúi: Guðrún S. Jakobsdóttir

didda@post.com

Sími Íslendingafélagsins: 3314 6035

www.islendingafelagid.dkifk@islendingafelagid.dk

*Þegar hlutirnir ganga
greiðlega fyrir sig ...*



Ef þú þarft að flytja milli landa eða landshluta léttum við þér lífið og greiðum leið þína í flutningsferlinu. Við leiðbeinum þér við pappírsvinnuna og tilhögun flutningsins, aðstoðum þig við að meta stærð búslóðarinnar og gerum þér hagstætt verðtilboð.

Þú finnur allt sem þú þarft á www.eimskip.is

Eimskip Denmark A/S
Íris Lóa Eyjólfsson
Tel: + 45 7020 1602
ile@eimskip.dk

EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ

17. júní veislan

Allt á floti alls staðar

Nýtt frá stjórninni

Margrét V. Helgadóttir

Fjögurra daga veisla í kringum 17. júní hátíðarhöldin hér í Kaupmannahöfn eru líklega met í sögu Íslendingafélagsins. Fólk lagði á sig ómælda vinnu til þess að þetta gæti gerst og mætti mismunandi skilningi hjá veðurguðunum. Sólin skein á okkur á sjálfan þjóðhátíðardaginn og fólkið streymdi í Jónshús til að upplifa veglega menningardagskrá.

Á laugardeginum höfðu veðurguðirnir hinsvegar misskilið hlutverk sitt – þeir héldu að við vildum fá öll íslensku tilbrigðin. Að morgni laugardagsins 19. júní, þegar sjálf hátíðardagskráin var að hefjast á Fimmeyringnum á Amagerströnd, brustu flóðgáttir himins og drektu árrisulur Íslendingum sem voru önnur kafnir við að koma upp tjöldum á hátíðasvæðinu. „Kemur endalaust vatn úr skýjunum?“ varð fólki á orði. Þá varð okkur hugsað til orða Alberts Einsteins: *Það er hægt að lifa lífinu á tvo vegu; annað hvort að bugsa sem svo að kraftaverk finnist ekki eða að líta á allt í lífinu sem kraftaverk.*



Þorbjörg Anna Gísladóttir tók þátt í skrudgöngunni.

Það var ekki annað hægt en að líta á þessa hátíð sem kraftaverk. Þrjátíu konur og börn hlupu Kvennahlaupið við fyrrnefndar aðstæður. Þær þurftu ekki að fara í sturtu að hlaupinu loknu. Sumir lögðu til að nafni Kvennahlaupsins yrði breytt í Blautbola-hlaup, láí þeim hver sem vill.

Kraftaverk enn gerast

Að sjálfsögðu stytta upp að íslenskum sið og þá dreif af hópur af galvösku og hjálpsömu fólki, sem var allt af vilja gert til leggja hönd á plóg til að gera hátíðarhöldin að veruleika. Farsíminn hringdi stöðugt: „Ætlið þið í alvörunni að halda

skemmtun?“ Að sjálfsögðu fóru 17. júní hátíðarhöldin fram – það þarf meira til að íslenski dagskrá sé aflýst vegna veðurs.

Allt var á floti alls staðar en að lokum birtist sólin. Biðröðin fyrir framan pylsusöluna var löng og hægfare en allir fengu sína pulsu með öllu. Norsk barnalúðrasveit lék íslensk ættjarðarlög og gekk í fararbroddi þegar ungviðið fór í skrudgöngu um svæðið og stökk yfir pollana, Einar Már Guðmundsson rithöfundur flutti ávarp Fjallkonunnar, og hver hljómsveitin á fætur annarri tróð uppi á útisviðinu, fólki ýmist til yndisauka eða undrunar. Um kvöldið var svo grillað og þeir allra hressustu fóru á dansleik með Milljónamæringunum sem stóð langt fram á nótt.

Einstein hafði rétt fyrir sér – við trúum því að kraftaverk gerist enn.



Páll Óskar með nammi. Ljósmynd: Hafdís Rún



Kemur endalaust vatn úr skýjunum?

Fimm glæsilegar myndabækur í tilefni 200 ára afmælis H.C. Andersen



Böðvar Guðmundsson endursegir ævintýrin og tekst að varðveita frásagnartöfra danska þjóðskáldsins. Myndskreytingar **Þórarins Leifssonar** eru hrein listaverk. Bækurnar koma út á dönsku, íslensku, norsku og sænsku. Einstaklega hagstætt verð.



Skammerens Datter kemur út á íslensku! Þessi vinsæla bók um Dínu Tonerre hlaut Norrænu barnabóka-verðlaunin í ár. Dóttir huglesarans kemur út í lok október.



Í senn söguleg skáldsaga og ljóðræn glæpasaga sem vísar til tíma og atburða í Danmörku sem komu mikið við sögu í sjálfstæðis-baráttu Íslendinga á 19. öld.



Páfugl í Mörgæsalandi er skemmtileg dæmisaga um hugrekki á vinnustað. Bókin er tileinkuð öllum sem þrá að fljúga frjálst eins og fuglinn og sýna rétt eðli sitt.



Stúlka með perlueynalokk – Lesið bókina að baki myndarinnar í einstaklega fallegri íslenskri þýðingu.



Rentemestervej 2
2400 København NV
Sími: 35813500
salg@ppforlag.com

Birkiaska (Betusan)

Finnska birkiaskan hefur reynst mörgum vel í baráttunni við sjúkdóma og ýmis óþægindi. Hún hefur slegið í gegn í Danmörku og víðar.
- Hægt er að panta birkiöskuna og lesefni um reynslu annarra af notkun hennar á skrifstofu okkar. Verð: 99 DKK fyrir 120 hylki. - Við bjóðum einnig birkiösku í umboðssölu.

Friðrik í sendiráðinu sýnir á sér sparihliðina

Nóbelsverðlaunasúkkulaði

Viðtal

Margrét V. Helgadóttir

Friðrik Jónsson, sendiráðunautur er mörgum Hafnarbúum kunnur sem „Þorri sjálfur“. Það er honum að þakka að Íslendingar hafa borðað alvöru þorramat á þorrablótum Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn á undanförunum árum. Að launum hlaut Friðrik nafnbótina Þorri ársins 2003. En manninum er margt fleira til lista lagt en að standa í þorramatsstússi, enda erillssamt í sendiráðinu. Við fengum Friðrik til að uppljóstra nokkrum leyndarmálum um sjálfan sig!

Uppáhaldsstaðurinn þinn í Kaupmannahöfn?

- Kannski klént, en getur svarið verið annað en Tivólí?

Besta kaffið í Köben?

- Tvímælalaust á The Laundromat Café.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á?

- Á Íslandi er erfitt að gera upp á milli staða en nefni Dynjandafoss í Arnarfirði, Bifröst, og svo að sjálfsgöðu áhorfendastúkurnar á KR-vellinum í Frostaskjóli.

Uppáhaldslagið þitt?

- Ég get vart gert upp á milli My Own Way með Duran Duran og Back in black með AC/DC. „Áfram KR“ er líka klassískt.

Ef ekki Köben þá ...

- ... Akranes. En með KR-fánann dreginn að húni!

Uppáhaldsveitingastaðurinn þinn?

- Hér í Danaveldi er það *Søllerød Kro*. Á Íslandi hugsa ég að það sé *Humarbúsið*. Ég verð síðan að nefna *The Inn at Little Washington* sem er í um það bil tveggja tíma akstursfjarlægð frá Washington D.C. Hreint ævintýri. Heitt súkkulaðið með þeyttum rjóma eitt sér ætti að fá Nóbelsverðlaunin í efnafræði.



Friðrik ásamt hundum sínum, þeim Begga og Bróa.

Október söluferð 2004

Ágæti viðskiptavinur !

Þá er undirbúningur fyrir haustferðina í fullum gangi. Nú er hægt að velja 3 norræn tungumál á heimasíðu okkar þegar pantað er í gegnum hana, íslensku, sænsku og dönsku. Einnig erum við með samtengingu (Banner) frá heimasíðu Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn.

Við verðum á ferðinni 12 október í Kaupmannahöfn.

Nánari skýringar á heimasíðu, www.islandsfisk.se

Fyrir utan heimasíðu okkar, þá er einnig hægt að panta í síma 00-46-340-35620 eða faxa í síma 00-46-340-35185



ISLANDSFISK

Með Íslandskveðju Guðbjörn Elíson

Sjófryst ýsuflök	9 kg	roðlaus	117/ kr kg
Sjófryst þorsflök	9 kg	roðlaus	114/ kr kg
Sjófryst ufsaflök	9 kg	roðlaus	79/ kr kg
Rækjur (100/200)	2,5 kg	pillaðar	140/ kr kg
Rauðsprettuflök	5 kg	með roði	162/ kr kg
Lúðukótelettur	5 kg		210/ kr kg
Heil smálúða án haus og ugga	6 kg		185/ kr kg
Steinbítsflök	6 kg	roðlaus	149/ kr kg
Saltfiskur í bita, úrvatnaður	6 kg	með roði	185/ kr kg
Gellur	6 kg		152/ kr kg
Harðfiskur	_ kg	roðlaus	495/ kr kg
Lambaskrokkur 1/1, engin slög	12 til 15 kg	(sagað)	83/ kr kg
Lambalærisneiðar	8 kg		150/ kr kg
Lambakótelettur	8 kg		165/ kr kg
Saltkjöt	4 kg	fatan innifalin	88/ kr kg
Nóa kropp	200 g		38/ kr st
Nóa Síríus rjómasúkkulaði	200 g	hnetur og rúsínur	45/ kr st
Nóa Síríus rjómasúkkulaði	200 g	hreint	45/ kr st
Maltasúkkulaði	200 g		45/ kr st

Fraktkostnaður 65 kr

Öll verð eru í sænskum krónum / Við tökum við dönskum krónum.

Fréttamolar

Iðinn listmálari

Hafnar-Íslendingurinn Tryggvi Ólafsson opnaði á dögunum Málverkasafn Tryggva Ólafssonar á Norðfirði og fagnaði útkomu bókarinnar „Hvað er bak við fjöllin?“ Sveit-ungi Tryggva, Helgi Guðmundsson tók bókina saman, en þar lætur Tryggvi gamminn geisa. Helgi segir að þetta sé ekki dæmigerð ævisaga, heldur þroskasaga málara. Sjálfur segir Tryggvi í Fréttablaðinu: „Ég lagði mesta áherslu á að það yrði enginn hroki, vorkunnsemi eða kjaftæði. Þetta á ekki að vera nein halelújabók um mig. Hún er hugsuð til þess að styrkja safnið og Helgi gefur til að mynda safninu ritlaunin sín.“

Heimild: Fréttablaðið

Lífeinkennin

Bandarísk yfirvöld hafa veitt þjóðum sem ekki þurfa vegabréfsáritun til Bandarík-anna, þar á meðal Íslendingum, frest í ár til viðbótar áður en þau þurfa að hefja útgáfu vegabréfa með lífkennum, svo sem fingraförum eða tölvulesanlegum andlitseinkennum. Hins vegar er gerð krafa um að frá og með 26. október n.k. verði vegabréfin tölvulesanleg ella þurfi viðkomandi ferðamaður að sækja um vegabréfsáritun. 27 ríki hafa nú frest til 26. október á næsta ári til að gefa vegabréf með lífkennum út, samkvæmt tilkynningu frá bandaríska utanríkisráðuneytinu. Krafa um slík vegabréf kemur fram í bandarískum lögum sem sett voru til að auka öryggi landsins eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001.

Meira um vegabréfin

Frá því í mars 2001 gildir vegabréfsáritun til eins ríkis innan Schengen-svæðisins í þeim öllum. Ríkin í Schengen-samstarfinu eru: Austurríki, Belgía, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ísland, Ítalía, Lúxemborg, Noregur, Portúgal, Spánn, Svíþjóð og Þýskaland. Réttur til dvalar í Schengenríki án vegabréfsáritunar eru 3 mánuðir. Einstaklingur sem hefur gilt dvalarleyfi í einu Schengenríki þarf ekki að sækja um vegabréfsáritun til annars Schengenríkis. Þetta þýðir meðal annars að ríkisborgari lands sem er utan Schengen-svæðisins, en sem hefur dvalarleyfi í einu Norðurlandanna þarf ekki að sækja um vegabréfsáritun í öðru norrænu ríki.

Nánari upplýsingar: www.schengen.dk

Dagskrá Jónshúss

Október:

Sunnudaginn 3.	kl. 11.00	Kirkjuskólinn
Mánudaginn 4.	kl. 15.30-17.00	Barnakór, æfing
Fimmtudaga 7.	kl. 11.00	Mömmumorgnarnar
Þriðjudaginn 12.	kl. 19.00	Konukvöld
Sunnudaginn 17.	kl. 11.00	Kirkjuskólinn
Mánudaginn 18.	kl. 15.30-17.00	Barnakór, æfing
Fimmtudaga 21.	kl. 11.00	Mömmumorgnarnar
Sunnudaginn 24.	kl. 11.00	Kirkjuskólinn
Fimmtudaginn 28.	kl. 20.00	Aðalfundur ÍFK
Föstudaginn 29.	kl. 19.30	Félagsvist
Sunnudaginn 31.	kl. 11.00	Kirkjuskóli
	kl. 14.00-17.00	Messukaffi

Nóvember:

Mánudaginn 1.	kl. 15.30-17.00	Barnakór, æfing
Fimmtudaga 4.	kl. 11.00	Mömmumorgnarnar
Fimmtudaginn 4.	kl. 20.00	Bókmenntaklúbburinn THOR
Sunnudaginn 7.	kl. 11.00	Kirkjuskólinn
Þriðjudaginn 9.	kl. 19.00	Konukvöld
Sunnudaginn 14.	kl. 11.00	Kirkjuskólinn
Mánudaginn 15.	kl. 15.30-17.00	Barnakór, æfing
Fimmtudaga 18.	kl. 11.00	Mömmumorgnarnar
Laugardaginn 20.	kl. 14.00-19.00	Jólamarkaður Íslendingafélagsins
Sunnudaginn 21.	kl. 09.00-13.30	Kvennakór Kaupmannahafnar, æfing
Föstudaginn 26.	kl. 19.30	Félagsvist
Sunnudaginn 28.	kl. 11.00	Kirkjuskólinn
	kl. 14.00-17.00	Messukaffi
Mánudaginn 29.	kl. 15.30-17.00	Barnakór, æfing

Fastir liðir:

Mánudaga	kl. 19.00	Kvennakór Kaupmannahafnar, æfingar
Mánudaga	kl. 19.45	AA-fundir
Þriðjudaga	kl. 20.00	Al-Anon fundir
Miðvikudaga	kl. 18.00-20.00	Bókasafnið opið
		Sýning um Jón Sigurðsson opin
Miðvikudaga	kl. 19.00	Kór íslenska safnaðarins, æfingar
Miðvikudaga	kl. 20.00	AA-fundir
Fimmtudaga	kl. 18.00-20.00	Bókasafnið opið
		Sýning um Jón Sigurðsson opin
Föstudaga	kl. 19.00	AA-fundir
Laugardaga	kl. 09.00	Íslenski skólinn, yngri deild
Laugardaga	kl. 12.00	Íslenski skólinn, eldri deild
Sunnudaga	kl. 11.00	AA-fundur
Sunnudaga	kl. 14.00-17.00	Opið hús, kaffi og meðlæti, íslensk blöð
		Sýning um Jón Sigurðsson opin

Jónshús Øster Voldgade 12 1350 København K Sími 3313 7997 www.jonshus.dk

VANTAR ÞIG AUKAVINNUNU??



Myndu 5000 dkk á
mánuði breyta ein-
hverju fyrir þig?

Tækifæri fyrir venjulegt fólk.

Veldu þér tekjur og vinnutíma.

Komdu á síðuna
okkar og kynntu
þér tækifærið.



www.heilsufrettir.is/dk

 **HERBALIFE.**

Gerum heimin þess betri

Björk Jakobsdóttir

Öskubuska nútímans í Folketeatret

Leiklist

Margrét V. Helgadóttir Ljósmyndir: Fúsi

Björk Jakobsdóttir leikkona segist bara hafa verið að reyna að skapa sér atvinnu og skaffa tekjur til heimilisins, þegar hún samdi handritið að Sellófon fyrir tæpum þremur árum. Björk er þekkt fyrir að vera orkubolti í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur, og því kemur ekki á óvart að frumraun hennar sem leikritahöfundur er vægast sagt stórkostleg. Einleikurinn Sellófon sló í gegn á Íslandi, sýningarnar þar telja á þriðja hundrað og nú fer leikritið sigurför um heiminn með viðkomu í Kaupmannahöfn.

Við fréttum að *Alt for Damerne* hefði tekið viðtal við Björku, rétt á undan okkur. Það er gaman að vita til þess að hérlendir fjölmiðlar veiti þessari íslensku ofurkonu úr Hafnarfirðinum verðskuldaða athygli. Þrátt fyrir annir tók Björk elskulega í bón okkar um viðtal, enda dæmigerð sellófonkona að eigin sögn.

Hvernig er að slá svona rækilega í gegn sem handritshöfundur og leikkona?

- Þetta er búið að vera algert ævintýri. Öskubuska nútímans! Ég hafði ekki hugmynd um að ég væri með verk í höndunum sem myndi slá í gegn. Ég var bara að reyna að forða fjölskyldunni frá gjaldþroti og skapa mér atvinnu. Reyndar hafði ég lengi fundið fyrir því, að það vantaði vigt í kvenhlutverkinn, enda flestir okkar höfundar karlkyns. Annað sem ég tók eftir, í margra ára starfi í leikhúsi, var það að leikritin voru sjaldnast um okkur í dag, meira svona Shakespeare eða sautján hundruð og súrkál í Rússlandi,

eða þá æðislega mikil nútímaverk, skrifuð undir rós með stórum karlhlutverkum og stereótýpiskum kvennarullum eins og afbrýðissömu eiginkonunni og ófullnægðu frillunni.

Ört þróandi jafnréttisþroski

En ég ákvað sem sagt í atvinnuleysinu að finna mér mónólóg til að leika, og eftir að hafa lesið nokkra kvenmónólóga ákvað ég að ef framboðið væri ekki betra en þetta, þá gæti ég eins skrifað sjálf. - Í okkar ört þróandi jafnréttisþroska eru kvenmónólógar fljótir að verða úreltir. - Maður þarf ekki alltaf að vera 18 ára óspjölluð mey til að upplífa Öskubusku. Það getur líka gerst þegar maður er 35 ára, tveggja barna móðir í hjónabandi ... og allt í einu var ég með verk í höndunum sem gekk í tvö ár, 200 sýningar og seldist til útlanda ... og auðvitað er ég himinlifandi.

Af hverju heldur þú að stykkið hafi orðið svona vinsælt?

- Mér finnst reyndar alltaf erfitt að svara sem höfundur af hverju verkið hafi orðið svona vinsælt. Kannski er það áhorfenda að svara því. Ég var bara að skrifa um raunveruleika sem ég upplífi og sem ég sé allt í kringum mig. En kannski hef ég með því snert einhverja sanna taug.

Nú hef ég heyrt frasa eins og: „Þú ert nú orðin eins og sellófonkonan!“ Eru sellófonkonur á öllum heimilum?

- Kannski má segja að ég hafi orðið meiri sellófonkona eftir að ég byrjaði að sýna verkið.

Ég er ein af þeim konum sem tek móðurhlutverkið mjög alvarlega og vildi vera mjög mikið heima meðan drengirnir voru ungir. Það var ekki fyrr en yngri strákurinn byrjaði á leikskóla, þegar hann var tveggja



„Ég held að það leynist sellófon-syndrómi í okkur flestum.“

ára, að ég gat sleppt móðuraðalhlutverk-
inu og farið að einbeita mér að öðru. Ég
held að það sé mjög erfitt að gera hvort
tveggja vel og ég held að það leynist sell-
ófon-syndrómi í okkur flestum. Ef þú ert
heimavinnandi er alltaf þessi pressa að þú
eigir að sinna sjálfri þér meir og fara út
á vinnumarkaðinn. Og ef þú ert útvin-
nandi eru allir með eilífar áhyggjur af því
að börnin þín verði óuppaldir, ofvirkir ung-
lingar. Endalaust uppbyggilegt niðurrið.

„Maður þarf ekki að vera 18 ára óspjölluð mey til að upplifa ævin- týrið um Öskubusku.

Hvernig stóð á því að þú seldir handritið til
útlanda?

- Ástæðan fyrir því að Sellófon seldist svo
fljótt til útlanda var kannski sú, að tvö fyr-
irtæki sem eru að framleiða Hellisbúann
í Evrópu eru staðsett á Íslandi. Þau vildu
báðir kaupa og í kjölfarið komu fleiri að-
ilar. En sýningin í Kaupmannahöfn er þó
bara til komin í gegnum mig og Charlotte
Bøving, sem hafði séð sýninguna heima.
Hún hafði trú á henni og kynnti hana fyrir
Folketeatret. Sýningin er einnig í gangi í
Sviss, Belgíu og Ítalíu og að minnsta kosti
fimm önnur lönd eru á leiðinni upp í vet-
ur.

Hann er frábær nema þegar hann er óþolandi

Björk er falleg kona, gift frægum leikara, á
yndisleg börn og tók þátt í stofnun Hafnar-
fjarðarleikhússins.

Þú ert greinilega mikil orkubomba, en hver
er konan sjálf á bak við verkið?

Bls. 12 ►

**Leikritið Sellófon bregður upp skemmtilegri mynd af daglegu
amstri útivinnandi móður, sem telur það vera hlutverk sitt í líf-
inu að gera alla hamingjusama – nema ef til vill sjálfa sig. Það
er engin önnur en Birgitte Simonsen í hlutverki Helene selló-
fonkonu, en hún lék einmitt í sjónvarpsþáttunum um Nikolaj &
Julie. Aðdáendur þáttanna muna eflaust eftir henni í hlutverki
„hinnar“ konunnar, sem var tilefni hjónaskilnaðarins örlagaríka.
Charlotte Bøving þýddi Sellófon á dönsku og leikstýrir verkinu,
en hún er ein af tengdadætrum Íslands því hún er gift Benedikt
Erlingssyni leikara.**

**Kaupmannahafnarbúar eiga þess kost á að sjá íslenska
einleikinn Cellofan í danskri uppfærslu í Folketeatret á
Nørregade 39 um þessar mundir. Sýningar standa til 16.
október. Nánari upplýsingar: www.folketeatret.dk**



- Þetta er fyndin spurning. Í fyrsta lagi er ég ekki falleg ... ég er alltaf á leiðinni í megrun, ég þarf að ná af mér fimm kílóum og hér sit ég og drekk bjór! Ég fíla mig ekkert sexý. Ég er að verða 38 ára og allir sætu strákar eru tíu árum yngri en ég. Ekki trúa myndunum, þær eru allar yfirlýstar og fótósjoppaðar til helvítis. Og maðurinn minn er kannski frægur leikari en hann er alveg jafn þreytandi á köflum og aðrir eiginmenn. Það að vera þekktur breytir ekki neinu. Við erum öll að moka sama skítinn. En ég og maðurinn minn erum eitt. Við erum sálufélagar og ég veit að ég gæti ekki hafa valið betur. Þó að það komi þreytt tímabil inn á milli, þá veit ég að grasið verður aldrei grænna með öðrum ... og hann er frábær ... nema þegar hann er óþolandi!!! En það lagast alltaf. Og þegar ég verð gömul og krumpuð á elliheimilinu vil ég ekki vera þar með neinum öðrum en Gunna. Minn helsti ótti er að hann deyi á undan mér!!! Hvað geri ég þá?

Hvernig myndirðu lýsa sjálfri þér í örstuttu máli?

- Þetta hér að undan lýsir mér ansi vel. Kannski að því viðbættu að ég vona að ég eigi eftir að lifa að sjá litlu snillingana tvo, syni mína, blómstra í því sem þeir vilja gera. Allt annað kemur seinna. Auðvitað er frábært að ganga vel og nauðsynlegt til að framfleyta fjölskyldunni, en ef maður ætti eftir nokkra mánuði ólífada, hvað yrði það þá sem skipti máli? Ég held að við myndum öll svara á sama veg. Það er fjölskyldan, ættingjar og vinir. Það er það sem gerir okkur að því sem við erum, eða er þetta bara af því að ég er steingeit? Ég veit það ekki, mér finnst bara alltaf eins og allir ættu að hugsa eins og ég.

Hvað ertu búin að sýna margar sýningar og á hvað mörgum stöðum á landinu?

- Ég er búin að sýna um 200 sýningar í Reykjavík og á flestum stöðum sem hafa íbúðartölu yfir 500 á Íslandi.

Í sturtu með 20 nöktum körlum

Heldurðu að saumaklúbbar séu séríslenskt fyrirbæri?

- Ég held að saumaklúbbaforbærð sé alheimsfyrirbæri. Konur leita í konur og konur þurfa að tala. Það heitir kannski ekki alls staðar saumaklúbbar, en fyrirbærð „konur koma saman“ er örugglega alls staðar til ... alveg eins og karlaklúbbar verða alltaf til. Það er þessi dásamlegi leyndardómur sem aðskilur okkur og lætur okkur dragast hvort að öðru. Ég fór að pæla í þessu eftir að ég lék í senu, þar sem ég var alklædd í

sturtu með 20 nöktum mönnum. Eftir heilan dag í tókum áttaði ég mig á því, að stór partur af þessu aðdráttarafla er það sem þú ekki veist. Þegar allt er opinbert og engin fjarlægð er, þá verður allt einhvern veginn útflatt. Og eftir heilan dag í tókum hefðu þeir allir getað verið bræður mínir! Þess vegna held ég að móðir náttúra hafi algerlega rétt fyrir sér ... eins og alltaf ... þegar hún stíar okkur í sundur um 10 ára aldurinn svo við getum stofnað kvenna- og karla-klúbba og hist síðan aftur í leyndardómum hins kynsins.

Ísland



Draumaferðir um Norður-Atlantshaf

Siglið heim til Íslands með M/F Norröna.

Hagstætt verð og ýmis þægindi.

Afsláttur fyrir námsfólk.

Hægt að taka bílinn og mikinn farangur með.

Ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára án eigin koju.

Njótið siglingarinnar með öllum nútímaþægindum:

þægilegar káetur, veitingastaðir, verslanir, gufubað,

sólbekkir, líkamsrækt, næturklúbbar,

ráðstefnusalir og leiksvæði fyrir börnin.

Nýjung: Nú er siglt allan ársins hring.

Brottför frá Hanstolm alla laugardaga.

SMYRIL LINE

DANMARK



Trafikhavnsgræde 7
DK-7730 Hanstholm
Tlf. +45 96 550 360
Fax +45 96 550 361
office@smyril-line.dk
www.smyril-line.dk

Síminn hjá
auglýsingadeild er:

3314 6035

Það er alltaf hægt að gera aðeins betur ...



Eftir að totil.com tók við umbroti Hafnarpóstsins, samhliða því að breytingar voru gerðar á ritstjórn, hafa auglýsingatekjur og lesendahópur blaðsins margfaldast. En það er auðvitað alltaf hægt að gera betur. Ert þú með verkefni sem þú vilt koma af köppnum?

Leikir og skólablað

Íslenskuskólinn í Jónshúsi

Barnasíðan

Í haust hefst móðurmálskennsla að venju fyrir íslensk börn í Jónshúsi. Það eru borgaryfirvöld í Kaupmannahöfn sem greiða kennaranum laun og veita auk þess 100 krónur danskar í efniskaup á hvern nemanda. Börn úr öðrum sveitarfélögum eru velkomin en fyrst þarf að fá samþykki fyrir því hjá viðkomandi bæjaryfirvöldum. Hafnarpóstur náði tali af Erlu Ingvarsdóttir móðurmálskennara en hún hætti störfum í vor þar sem hún var að flytja héðan.

Íslenskukennslan hefur farið fram á laugardögum þar sem yngri börnin hafa verið á morgnana en eldri börnin eftir hádegi. Við spurðum því Erlu hvort börn og foreldrar þeirra nenni að bæta þessum sjötta skóla-degi við vikuna.

- Foreldrarnir hafa verið mjög duglegir að mæta með börnin. Það hafa að jafnaði verið 15 nemendur í yngri hópnum, en tólf í þeim eldri.

Þurfa börnin að vera reiprennandi í íslensku til að fá eitthvað út úr kennslunni?

- Nei, það er ekkert skilyrði. Markmiðið með skólanum er að læra íslensku og tala um Ísland. Sum börnin eru fædd og uppalin hér í Danmörku en önnur eru tiltölulega nýflutt að heiman. Sum þeirra sækja móðurmálskennsluna til þess að geta talað við ömmur og afa sína og leikið sér við íslenska jafnaldra sína. Önnur hafa verið í skóla á Íslandi og vilja halda þekkingunni við svo þeim reynist auðveldara að snúa heim aftur að einhverjum árum liðnum.

Hvernig er hægt að ná til svona mismunandi hóps?

- Við höfum reynt að haga kennslunni þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Í fyrravetur unnu nemendurnir sjálfstætt með sínar bækur og síðan tókum við fyrir mismunandi viðfangsefni, til dæmis íslensku jólasveinana, þorrann, páskana, málshætti og dýr. Eldri hópurinn bjó til ímyndaða byggð á Íslandi með fólki, atvinnumöguleikum og þess háttar og bjuggu síðan til skólablað.

Byggist kennslan þá á bókum og skrifuðu máli eingöngu?

- Nei, langt frá því. Eitt af því skemmtilegasta sem við gerum, er að fara í leiki – að sjálfsögðu á íslensku. Það eru leikir eins og „Hver stal kökunni?“, „Ein króna“, „Jósep segir“ og „Inn og út um gluggann“, svo

- Kaupmannahafnarborg borgar laun kennarans.
- Kaupmannahafnarborg veitir 100 d.kr. til efniskaupa á hvern nemanda.
- Íslenskuskólinn er starfræktur fyrir íslensk börn í Kaupmannahöfn og nágrenni.

eitthvað sé nefnt. Stóru krakkarnir spiluðu mikið á spil í frímínútunum og eru orðnir mjög góðir í rommí og veiðimanni. Við reyndum að hafa það gott og huggulegt, því skóli á laugardögum á ekki að vera eins og skóli á virkum dögum.

Hvernig er að vera móðurmálskennari í Kaupmannahöfn?

- Þetta er búið að vera mjög gefandi, því nemendurnir eru frábærir, bæði duglegir og skemmtilegir. Ég hætti eingöngu vegna þess að ég er á förum héðan.

Á skrifandi stundu er ekki búið að finna nýjan kennara í Íslenskuskólann og því er ekki vitað hvenær kennslan hefst. Við biðjum því fólk að fylgjast með fréttum á vef Íslendingafélagsins: slendingafelagid.dk

ÞAÐ LÆRA BÖRN SEM ÞAU BÚA VIÐ

Það barn sem býr við hnjóð, lærir að fordæma.

Það barn sem býr við hörku, lærir fólsku.

Það barn sem býr við aðblátur, lærir einurðarleysi.

Það barn sem býr við ásakanir, lærir sektarkennd.

Það barn sem býr við mildi, lærir þolgæði.

Það barn sem býr við örvun, lærir sjálfstraust.

Það barn sem býr við brós, lærir að viðurkenna.

Það barn sem býr við réttlæti, lærir sanngirni.

Það barn sem býr við öryggi, lærir kjark.

Það barn sem býr við skilning, lærir að una sínu.

Það barn sem býr við alúð og vináttu, lærir að elska.

Helgi Hálfðánarson þýddi.



Nýtt vopn í íslenskubaráttunni

Skemmtilegar hljóðbækur

Íslenskir foreldrar í útlöndum eru margir að keppast um það sama; að leggja rækt við íslenskukunnáttu barna sinna. Fyrir suma er það þrautinni þyngri því börnin sækjast eftir að fá að tala áfram það tungumál sem þau tala allan daginn við vini sína og féлага.

Vopnabúrið okkar eru að sjálfsögðu barnabækur og allt efni sem flokkast undir sjónvarpsefni, bæði myndbönd og DVD-diskar koma að gagni. Nýjasta vopnið eru íslenskar hljóðbækur, sem fyrirtækið Hljóðbók.is gefur út. Þægindin við þær eru kannski helst þau að hægt er að hlusta á geisladiskana í bílnum. Auk þess er hægt að spila þá í geislaspilaranum á kvöldin þegar ró er komin yfir börnin. Þá má ekki gleyma því hvað þeir eru mikið þarfaþing og tímasparnaður fyrir önnum kafna for-

eldra, sem þjást af samviskubiti vegna tímaskorts í lestrardeildinni. Af þeim bókum sem nú hafa verið gefnar út af Hljóðbók.is er greinilegt hvað mikill metnaður er lagður í lesturinn og hljómgæði. Hljóðbækur gegna líka mikilvægu hlutverki fyrir miklu breiðari hóp. Þar má nefna börn sem þjást af sértækri lesröskun (dyslexíu). Þau missa af miklu þegar þau eru að reyna sjálf að lesa en ná kannski ekki innihaldi bókanna sem skyldi. Sérfræðingar í dyslexíu halda því fram að um leið og börnin heyra textann, gangi þeim betur að muna textann og ná innihaldinu. Við hlustun geta þau einbeitt sér að orðunum í stað þess að eyða orkunni í að reyna að tengja stafi.

Nú eru komnar út eftirfarandi hljóðbækur fyrir börn: Hrói höttur, Lína langsokkur, Skemmtilegu smábarnabækurnar og Valin Grimmsævintýri. Það verður forvitnilegt að sjá næstu bækur sem fyrirtækið gefur út en vefslóðin er: www.hljodbok.is. Eitt er víst að foreldrar sem búsettir eru erlendis fagna þessu nýja framtaki. Hér er komin jólabókin í ár!

Barnakór í Jónshúsi

Barnakórinn hóf starfsemi sína mánudaginn 20. september. Æfingar fara fram í Jónshúsi frá kl. 15.30 – 17.00. Æfingatíminn skiptist sem hér segir:

Kl. 15.30 – 16.15	Öll börn
Kl. 16.15 – 16.30	Hlé
Kl. 16.30 – 17.00	7 ára og eldri

Æfingar haustannar verða sex eftirfarandi mánudaga:

4. október
18. október
1. nóvember
15. nóvember
29. nóvember.

Í byrjun desember kemur kórinn fram á tvennum tónleikum. Nánar auglýst síðar.

Við syngjum bæði ný og gömul lög, vísur og þulur og nálgumst tónlistina í gegnum söng, leik og dans.

Nánari upplýsingar veita

stjórnendur kórsins:

Diljá Sigursveinsdóttir


í síma 3288 6092

Þ. Ingileif Gísladóttir

í síma 3581 3551.

Netfang: ingileif@webspeed.dk

Mynd: Þórarinn Leifsson. Úr „Algjört frelsi“ MM 2001



Hvað segja þau um okkur?

„Íslendingum er meinilla við Dani“

Fólkið á götunni

Þórarinn Leifsson

Erlendar stórstjórnur vilja hvergi frekar vera en í rigningu og roki á Laugaveginum og þorri mannkyns hlustar á Björk. Íslendingar eru svo sannarlega komnir á kortið. Eða hvað? Hafnarpósturinn fór á stúfana á í Kaupmannahöfn til að kanna hvað fólkinu á götunni datt fyrst í hug ef það var spurt um Ísland og Íslendinga.



Jørgen Kristenssen pylsusali á Blegdamsvej

Ja, hvað veit ég um Ísland? Ekki mikið meira en að það er þessi eyja sem liggur þarna úti í Atlandshafinu. Þar er yfirleitt rok og frekar kalt. Svo eru þarna einhverjir heitir hverir sem maður getur baðað sig í allt árið. Þarna eru stundaðar fiskveiðar og fjárrækt.

Ætli búi ekki álíka margir og í Kaupmannahöfn þarna uppfrá eða rúmlega miljón. Heyrðu svo var það fótboltamaðurinn. Þeir keyptu hann frá Þórshöfn eða einhversstaðar þaðan. Hvað heitir hann aftur? Hann leikur með AP. Æ nei, það er Færeyingur ... Svo veit ég að það er slatti af handboltamönnum frá Íslandi sem leika með hinum og þessum.



Nora Holberg, húsmóðir giftist til Danmerkur frá Kenýa fyrir 17 árum

Ég hef heyrt um Ísland því stelpa sem var kærasta bróður tengdasonar míns sagði mér frá því. Hún hét Agla og sagði mér margt fallegt um landið. Svo hitti ég danska stelpu í tungumálaskólanum. Hún sagði mér að það væri hvergi hægt að fá varasalva hér í Danmörku sem jafnast á við þann sem fæst á Íslandi. Hún gaf mér reyndar einn sem ég er mjög ánægð með. Svo hef ég borðað íslenskt lambakjöt. Það bragðast mjög vel.



Sune Nystrup, sölumaður

Ég hef heyrt að Íslendingar séu mjög hjátrúarfullir. Þeir trúa á tröll og álfa.

Vegaframkvæmdir eru gjarnan fluttar ef mikið er um óhöpp til að komast hjá álfabyggðum. Íslendingum finnst gott að keyra um á stórum fjórhjóladrifnum bílum, þeir gangast mikið upp í því, væntanlega út af landslaginu.

Svo sagði Færeyingur mér að Íslendingum sé meinilla við Dani, ég ætti að vara mig á þeim, þeim sé laus hendingin.

„Íslendingum
finnst gott að
keyra um á
stórum bílum“



Thomas Berg Nielsen, vinnur á Café Svanen á Østerbrogade.

Ég veit ekkert um Ísland. Sé fyrir mér kuldalegar grænleitar víðáttur.

Fólkið er yfirleitt að skemmta sér og klæðist þá litríkum þjóðbúningum. Alltaf einhverjar þjóðhátíðir í gangi.



Aurelijus Krugelis frá Lit- háuen, farandverkamaður

Ég veit að Ísland er stór eyja. Ég lærði landafræði í skólanum svo ég veit hvar það er á kortinu, nálægt Grænlandi einhvers staðar. Þarna er mjög kalt. Yfirleitt 15 stiga frost á veturnar því landið er allt ísi lagt. Þarna býr lítið af fólki.



PP FORLAG

ICELANDAIR



Íslendingalíf í Kaupmannahöfn

– Smásagnakeppni Hafnarpóstsins, PP-forlags og Icelandair

Öldum saman hafa Íslendingar lagt leið sína um Kaupmannahöfn. Sagnfræði og skáldverk bera vitni um þátt íslenskra stúdenta, fræðimanna og embættismanna í Kaupmannahöfn við þróun íslensks þjóðfélags í átt að sjálfstæði. Margar sögur eru þó ósagðar. Sögur karla og kvenna sem eru sendiherrar þjóðar okkar og sjónarvottar sögunnar í daglegu amstri sínu í Borginni við Sundið.

Við hvetjum karla og konur til að skrifa sögur sem tengjast Kaupmannahöfn, hvort sem þær gerast í fortíð, nútíð eða framtíð.

1. desember 2004 verða verðlaunin afhent við hátíðlega athöfn.
1. febrúar 2005 verður gefin út bók með tíu bestu smásögunum í Reykjavík og Kaupmannahöfn.

Hafnarpóstur, blað Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn, PP Forlag ehf. og Icelandair standa saman að keppninni. Í dómnefnd sitja: Vigdís Finnbogadóttir fyrrv. forseti Íslands, Einar Már Guðmundsson rithöfundur og Erla Sigurðardóttir ritstjóri.

10. október 2004 er skilafrestur. Sendið umslag sem í er ómerkt sagan og annað umslag með nafni, netfangi og heimilisfangi innan í. Þannig er nafnleynd tryggð þegar farið er yfir handrit. Sögunnar mega vera allt að 30.000 slög að lengd.

Sendið sögurnar á:
Hafnarpóstur, Íslandsk Kulturhus,
Øster Voldgade 12 1350 København K
Merkt: Íslendingalíf í Kaupmannahöfn

Skilafrestur í smásagnakeppninni er 10. október!

Erfitt en skemmtilegt starf

Konan sem hafnaði Potter

Athafnaskáldið

Margrét V. Helgadóttir

Sigrún Halldórsdóttir flutti til Kaupmannahafnar með Agli syni sínum árið 1992 til að fara í framhaldsnám í viðskiptafræði við Verslunarháskólann hér í borg. Hún býr nú á Amager með Jóhanni Hjaltasyni verkfræðingi og syni sínum, Agli Arnarssyni en hann er nú í skiptinámi (Erasmus) í Málaga á Spáni. Sigrún stofnaði PP Forlag í Danmörku og Íslandi samtímis fyrir 6 árum. Nú gefur forlagið út bækur á öllum Norðurlöndum og er með söluskrifstofur í Kaupmannahöfn, Reykjavík og Ósló.

Sigrún er kannski einna þekktust fyrir að vera konan sem hafnaði Harry Potter en nældi í Kokkinn án klæða! Við lögðum nokkrar bóktengdar hraðaspurningar á hlaupunum fyrir þennan atorkusama bókaútgefanda.

Hver er þinn uppáhaldsrithöfundur og af hverju?

- Það er erfið spurning. Ég skipti um skoðun daglega. Um þessar mundir er það Tracy Chevalier, bandarískur höfundur sem skrifaði *Stúlka með perlueyrnalokk* sem PP Forlag gaf út bæði í Danmörku og á Íslandi. Tracy skrifar mjög skemmtilegar og hugljúfar sögulegur skáldsögur. Ég hef alltaf verið veik fyrir bókmenntum með sögulegu ívafi.

Manstu hvaða bók þú last fyrst allra bóka?

- Það var Óli Alexander Fílibomm – bomm – bomm eftir Anne Cath. Vestly og Lotta í Ólátagarði eftir Astrid Lindgren. Ég fékk þær báðar í jólagjöf þegar ég var sex ára og las þær jöfnum höndum. Ég á þær ennþá. Hver er bók bókaanna að þínu mati og af hverju?

- Nafn rósarinnar – ég las hana nokkrum sinnum á sínum tíma.

Hvað áttu margar bækur heima í bókahillu?

- Það hefur aldrei verið pláss fyrir annað en bækur í hillunum heima. Ætli það séu

ekki um það bil 200-300 bækur í stofunni, fyrir utan það sem er á skrifstofunni og í einkahillum á Íslandi, og auðvitað í kössum í geymslu.

Ertu sjálf leyndardómsfult skúffuskáld?

-Nei.

Af hverju varð Kokkur án klæða (Jamie Oliver) svona vinsæll?

- Jamie kemur til dyranna eins og hann er klæddur og hefur sérlega gaman af því að elda mat. Honum tekst að smita okkur af þessari ástríðu sinni.

Áttu erfitt með að velja bækur til útgáfu?

- Það er einstaklega erfitt en skemmtilegt starf. Sem betur fer er ég með gott starfsfólk sem ber ábyrgð á því sviði. Nú erum við til dæmis að fara að gefa út fimm ævintýri eftir H.C. Andersen sem Böðvar Guðmundsson endursegir og Þórarinn Leifsson myndskreytir. Allar fimm bækurnar verða gefnar út í Danmörku, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Það er frétt til næsta bæjar að nágrannaþjóðir okkar fái að upplífa hvernig tveir íslenskir listamenn fara höndum um þjóðskáld Dana.

Af hverju þurfum við allar þessar matreiðslubækur sem koma út í hverjum mánuði?

- Maðurinn lifir svo sem ekki á brauðinu einu saman. En það er bara svo skemmtilegt að prófa eitthvað nýtt í matargerð og njóta þess – það eru viss lífsnautn fólgin í því. Þetta á bæði við sígild hráefni en ekki síður um matvörur frá fjarlægum

„Maðurinn
sem ekki á
einu

löndum sem við vissum ekki að væru til fyrir nokkrum árum. Við viljum vita hvernig við getum notað þær og því lesum við okkur til um það í matreiðslubókunum. Þess vegna eru matreiðslubækur svona fjölbreyttar og vinsælar.

Munu rafbækur taka við af gömlu bókinni í framtíðinni?

- Alls ekki. Það verður alltaf þörf fyrir bókina, í því formi sem hún er í dag.

Hefur þú hent bók í ruslið?

- Oft. Ef ég get ekki gefið bækurnar þá er þeim hent. Annars þyrfti ég að byggja heilt hús utan um bækurnar sem berast mér daglega.

Er munur á íslenskum og dönskum lesendum?

- Erfitt að segja. Íslendingar eru meiri jólabókaþjóð en Danir kaupa bækur jafnt og þétt allt árið. Íslendingar eru sagðir lesa og kaupa fleiri bækur miðað við höfðatölu en nokkur önnur þjóð í heiminum. Ég vona að við getum haldið áfram að státa okkur af því heimsmeti.

Hvað finnst þér um Harry Potter?

- Harry er skemmtilegur strákur sem lendir í mörgum ævintýrum. Bækurnar um Harry og vini hans hafa aukið verulega lestur barna um allan heim og þá er takmarkinu náð. Það sem er skemmtilegt við þessar

bækur er að þær ná jafnt til fullorðinna og barna. Ég vona að framtíðin beri með sér fleiri bókaflokkum af þessu tagi.

Hvað lestu margar bækur á mánuði?

- Ég glugga í margar bækur en ég lauk lestri á þremur bókum í síðasta mánuði. Það voru Da Vinci-lykillinn, Páfugl í Mörgæsalandi, sem PP Forlag á Íslandi er að gefa út og Jómfrúna og einhyrninginn eftir Tracy Chevalier sem við gáfum út í Danmörku í vor.

Hvaða bók liggur á náttborðinu þínu?

- Norska skáldsagan Blindveje eftir Selma Lønning Aarø sem við erum að gefa út í danskri þýðingu og Niður med sykurstuð-

ulinn sem við erum að gefa út í þremur löndum um þessar mundir.

Leiðinlegasta bók sem þú hefur lesið?

- Styrkveitingar innan Evrópusambandsins eftir Peter Nørregaard, fyrrverandi kennara minn í Verslunarháskólanum í Kaupmannahöfn.

lífir svo
brauðinu
saman.“



Íslensk menning í Kaupmannahöfn

Íslenskir menningarstraumar setja sterkan svip á blómlegt listalíf Kaupmannahafnar nú á haustmánuðum. Það er gaman að fylgjast með fjölbreytileikanum í íslenskri menningu á danskri grundu og við vonum að þessi þróun eigi eftir að færast í aukana á næstu misserum.

Íslensk list til sölu og sýnis

Tvær íslenskar valkyrjur, þær **Steinunn Sigfúsdóttir**, byggingariðnfræðingur og **Bryndís Stefánsdóttir**, arkitekt, hafa búið í Kaupmannahöfn um árabil. Þær söknuðu oft listmunaverslana eins og við könnuðum við úr Reykjavík. Þar er hægt að rölta um Skólavörðuholtið og Vesturgötuna og velja á milli fjölbreyttra listmuna eftir ýmsa listamenn.

Í stað þess að pirra sig á því að geta ekki keypt mismunandi listmuni á einum stað ákváðu þær að opna gallerí, sem þær kalla **Galleri Nordlys**. Eftir töluverða leit að húsnæði sem gat rúmað sýningarsal, verslun og teikniðstöðu, fundu þær loks draumhúsnæðið á Frederiksborggade 41. Galleríið opnaði í byrjun september, en þar eru bæði sýningarsalir og verslun. Nýjar sýningar verða haldnar reglulega og þarna má kaupa ólíka listmuni, allt frá skartgripum til málverka.

Að sögn Steinunnar hafa bæði Íslendingar og Danir brugðist vel við þessari nýjung. Margir gestir hafa litið við á undanförunum vikum síðan galleríið opnaði.

Galleri Nordlys er opið alla virka daga kl. 10.00-17.30 en á laugardögum kl. 10.00-14.00.

Pia Rakel Sverrisdóttir glerlistamaður er einnig með verslun og gallerí á Holmbladsgade 23. Pia Rakel hefur haldið fjölda sýninga, hér í landi og erlendis, og komið fram bæði fyrir hönd íslenskra og danskra listamanna. Pia Rakel hefur skreytt húsakynni og unnið sem hönnuður í **Holmegårds glerverksmiðjunni**. Þá hefur hún verið gestakennari í ýmsum hönnunarskólum. Að eigin sögn sækir Pia Rakel innblástur í íslenska náttúru og hafið eins og hún upplifði það í barnæsku. Pia Rakel heldur úti heimasíðu þar sem hægt er að sjá sýnishorn af verkum hennar og fá allar nánari upplýsingar um listakonuna.

Slóðin er: www.arcticglass.dk

Myndlist í Jónshúsi

Ög meira um íslenskar konur og myndlist. Tvær íslenskar listakonur, þær **Sigríður Helga Olgeirsdóttir** og **Sveinbjörg Hallgrímsdóttir** héldu sérlega fállega samsýningu í Jónshúsi allan septembermánuð. Sigríður Helga leirlistakona býr í sveit á Suðurlandi og segir verk sín bera keim af íslenskri náttúru og veðurfari. Sveinbjörg býr norðan heiða, á Akureyri, og er þar með vinnu-

stofu og **Gallerí Svartfugl** á Akureyri, en það er bæði vinnustofa og sýningarsalur. Sveinbjörg hefur starfað sem myndlistarkennari í mörg ár og vinnur mest í grafík. Langþráður draumur þeirra vinkvennanna um að sýna saman í Jónshúsi hefur nú ræst.

Myndlistamaður októbermánaðar í Jónshúsi er **Hrönn Eggertsdóttir** fædd á Akranesi 1951. Hún hefur unnið sem myndlistamaður og kennari í Mynd- og handmennt við skóla eins og Húsavík og á Akranesi, þar sem hún er með vinnustofu og gallerí. Hrönn hefur tekið þátt í mörgum sýningum víða á Íslandi, ýmist ein eða með öðrum listamönnum. Mörg verka hennar prýða opinberar stofnanir svo sem skóla, banka og ráðhús. Sýningin verður opin á opnunartímum Jónshúss allan októbermánuð.

Á sviðinu

Um þessar mundir eru tvær sýningar á dönskum leikhúsum sem skrifaðar eru af rammíslenskum höfundum. Það er sýningin **Cellofan**, eins og hún nefnist á dönsku, en frá henni er frekar greint í opnuviðtalinu. Hitt leikritið **Englebørn** eftir **Hávar Sigurjónsson**, þar sem misnotkun á börnum og svik hinna fullorðnu er meginþráður



sýningarinnar. Verkið vakti mikla athygli á Íslandi þegar það var frumsýnt árið 2001. Í dómum um leikritið var m.a. skrifað um höfundinn: „*Leikritið skipaði Hávari sess meðal athyglisverðustu leikskálda þjóðarinnar og er m.a. eitt örfárna íslenskra leikrita á síðustu árum sem hafa vakið áboga erlendra leikbúsmanna.*“

Sjálfur segir Hávar um þennan áhuga: „*Það hefur komið mér mikið á óvart að skynja áboga erlendra leibúsmanna á verkinu. Ég stóð í þeirri trú að þetta væri dæmigert íslenskt verk. En kannski er það nú þannig að það sem maður telur vera einna mest staðbundið, reynist oft alþjóðlegt.*“

Varðandi efnisvalið og þá umræðu um sífjaspell og kynferðislega misnotkun sem er í þjóðfélaginu í dag, segir Hávar: „*Ég hugsaði ekkert sérstaklega um það á meðan ég var að skrifa verkið að þetta fjallaði um misntokun. En sú varð raunin og á Íslandi hefur umræðan um þessi mál gerst báværari. Það er meira fjallað um kynferðisafbrot í fjölmiðlum auk þess sem sífellt fleiri mál af þessu tagi koma fyrir dómara og fleiri dómar eru felldir í kynferðisafbrotamálum.*“

Englebörn var frumsýnt 22. september og standa sýningar fram í miðjan október. Í næsta blaði greinum við frá nýrri sýningu sem hinn frábæri íslensku leikari, **Kristján Ingimarsson** er að vinna að og gefum lesendum Hafnarpóstins tækifæri á að

kynnast þessum leikhússnillingi eins og hann er kallaður á meðal leihúsmanna.

Mammutteatret, Plan B, Magstræde 14, 4 sal, 1466 København K. www.mammutteatret.dk

Af hvíta tjaldinu

Íslenska kvikmyndin, **Mávahlátur**, verður frumsýnd 15. október í **Husets Biograf**. Ágúst Guðmundsson gerði þessa bráðskemmtilegu mynd sem byggð er á samnefndri sögu eftir **Kristínu Mörju Baldursdóttur**. Hún hlaut hvorki meira né minna en sex Eddur (íslensku kvikmyndaverðlaunin) árið 2001 og var valin í forval til Óskarsverðlaunanna.

Nánari upplýsingar um myndina og sýningartíma má finna á vefslóðinni: www.husetsbio.dk/

Af bókum

Einar Kárason verður með upplestur og rabb á **Café Jónasi** á Menningarnótt, föstudaginn 8. október 2004. Dagskráin fer fram á íslensku. Einar er að koma á fornar slóðir því hann bjó ásamt fjölskyldu sinni á **Öresundskollegiet** fyrir aldarfjórðungi. Eftirfarandi verk hana hafa komið út í danskri þýðingu: *Gulleyjan* (1990), *Fyrirheitna landið* (1991), *Heimskra manna ráð* (1996), *Kvikasilfur* (1997), *Þar sem djöflaeyjan rís* (1997), *Norðurljós* (2001) og *Óvinafögnuður* (2003). Á næsta ári bætist skáldsagan *Stormur* á þennan lista en hún kom út á Íslandi fyrir síðustu jól. Hún segir frá **Eyvindi Jónssyni**

Stormi, sagnamanni. Að honum safnast drykkjumenn, hippar, bissnessmenn, bókaútgefendur, landeyður og íslenskir námsmenn erlendis. Fyrir eina jólavertíðina vantar bókaforlag litríkan höfund og vinunum verður hugsað til Storms.

Dagskráin hefst kl. 21.00 á **Café Jónas, Landgreven 1, 1301 København K. www.cafejonas.com**

Bókmenntaklúbburinn Thor hefur vetrarstarfsemi sína fimmtudaginn 4. nóvember kl. 20.00 í Jónshúsi. Aðstandendur Thors, þau **Bergljót Skúladóttir**, **Böðvar Guðmundsson** og **Erla Sigurðardóttir** gera ráð fyrir að halda 3-4 bókmenntakvöld í vetur. Á skrifandi stundu er Böðvar suður í Borgarfirði en þegar hann snýr heim aftur verður dagskrá fyrsta kvöldsins ákveðin. Sendið tölvuskeyti á netfangið baekur@paradis.dk, ef þið óskið eftir að fá dagskrána senda.

Heyrst hefur

... að **Tolli** sé fluttur til Kaupmannahafnar og búinn að opna vinnustofu í miðborginni. Hafnarpósturinn fer á stúfana og flytur nánari fréttir af Tolla í næsta blaði.

Nánari fréttir af þessum viðburðum verður hægt að finna á heimasíðu Íslendingafélagsins: www.islendingafelagid.dk

„Ég er þorpari“

Síðasta orðið

Ingibjörg Hrefna Björnsdóttir

Í eðli mínu og atferli er ég þorpari og ég er sátt við það. Alveg sátt.

Ég nýt þess að ýta undir þorparann í sjálfri mér og gera honum hátt undir höfði. Ég legg beinlínis rækt við minn innri þorpara, dekra við hann.

Hann er líka í essinu sínu, innri þorparinn minn, og búinn að vera það í nokkur ár.

Ég hef í hálfan áratug búið í milljónaborg, þar sem ægir saman öllum kynþáttum af öllum gerðum. Þegar ég geng um borgina mína mæti ég fólki frá fjarlægustu heims-hornum, sumir koma jafnvel frá löndum sem ég hafði varla heyrt nefnd á nafn. Ein sem ég þekki, kemur til dæmis frá Miðbaugs-Gíneu, það er pínulítið land á vestur-strönd Afríku, þar sem býr bláfátækur pö-pull og einn ríkur einræðisherra. Landið er ríkt af olíu og sennilega þess vegna komst það í heimsfréttirnar í ágúst þegar Mark Thatcher, sonur Margrétar, var hnepptur í varðhald fyrir skipulagningu valdaráns. Hann og félagarnir voru greinilega til í smá olíugróða, verðið á tunnunni hátt um þess- ar mundir og svona ...

Spurningin er hvort pöpullinn hefði not- ið góðs af þessum fyrirhuguðu stjórnskipu- lagsbreytingum.

Ég hitti ekki bara fólk frá fjarlægum heims- hlutum á göngum mínum um borgina, ég hitti einnig fólk frá fjarlægum landshlutum, Íslandshlutum. Nú og svo hitti ég fólk úr öðrum hverfum eða bæjum, og að síðustu hitti ég fólk úr eigin hverfi. Gamla granna og skólafélaga. Þetta góða fólk hitti ég að- allega á göngum mínum um hverfið sem ég bý í núna. Hverfi sem hefur aldrei verið hátt skrifað meðal Kaupmannahafnarbúa. Sumir segja að það sé vegna þess að það er byggt á gömlum ruslahaugum, aðrir af því að hér hafi bara búið eitthvað sveita- pakk sem ræktaði rófur og radísur sem Hafnarbúar belgdu sig út af, og enn aðrir segja bara „af því bara“. Þeir þurfa ekki að útskýra mál sitt, þeim finnst Amager bara



ömurlegur staður, rétt eins og ég sem Hafn- firðingur þarf ekki að útskýra óbeit mína á Garðabæ, hún bara er.

En hvað sem skoðunum Kaupmannahafn- arbúa líður, þá er ég alveg hæstánægð að búa á hálfeyjunni minni í nánd við strönd, metró, alþjóðlegan flugvöll og það sem mestu skiptir, með landa mína á hverju götuhorni. Morgnarnir finnast mér einna bestir. Þegar ég rölti mér í rólegheitum með einbirnið í kerrunni kinkandi, vink- andi, brosandí og kallandi til allra sem ég þekki hérna í hverfinu okkar. Sumum nægir að kinka kolli, öðrum er heilsað með meiri virktum og það er jafnvel skipst á veður- fréttum, og sumum labbar maður með, og spjallar við í leiðinni. Þegar heim er kom- ið, er yfirleitt einhver heimavinnandi sem vantar að drekka kaffi og þá þarf að bjarga því. Svo þarf að fara í búðina og versla inn og kíkja kannski í litlu verslunarmiðstöð- ina okkar þar sem allt fæst. Ef það fæst ekki þar þá þarf maður ekki á því að halda eins og sagt var um kaupfélagið í gamla daga. Í Amager Center er næsta víst að mað- ur rekist á einhvern kunningja, og kannski þarf að fá sér ís eða bjór með honum. Þeg- ar gengið er yfir torgið við Jemtelandsgötu er eins gott að horfa vel í kringum sig. Á Bizaro situr nefnilega yfirleitt einhver sem maður þarf að eiga orð við, og ef gengið er aðeins lengra og kíkt við á bókasafninu,

getur maður verið viss um að hitta á landa sína, ef þá er ekki að finna á safninu get- ur maður tyllt sér eitt augnablik og kíkt í Moggann gamla sem auðvitað á sér sinn samastað þar. Þegar ég svo er búin að sæk- ja barnið í dagvistunina er málið að byrgja sig upp af kaffi og með því og tölta létt- fætt út á leikvöllinn okkar, með barnið í annarri og kræsingar í hinni. Þar get ég svo setið fram að kvöldmat í góðra vina hópi og unað mér við kvennahjal og karlaraup. Börnin una sér við leik á meðan. Þau koma reglulega og fá sér eitthvað í gogginn og tilkynna okkur rogginn frá fundum sínum, dauðum rottum, brotnum bollum, og útsof- inni rúmdýnu með meiru.

Eftir kvöldmat er hægt að röltla sér út með gamla Amagerbananum og fara á brómberjamó, og fylgjast um leið með sólinni setjast yfir turna borgarinnar. Eða koma sér fyrir hjá einhverjum grannanna, fá sér rauðvín og hlusta á tónlist. Svo allt í einu er kominn viskípelí á borðið og Tom Waits farinn að öskra okkur áfram í dansin- um og allt í vitleysu, en daginn eftir mætir maður eintómum skilningi hjá þeim sem ekki voru með. Þrátt fyrir að hafa valdið þeim og börnunum rúmruski.

Við erum nefnilega öll í sama þorpara- liðinu, við sem búum á Eyrarsundsgarði á Amákri.



Lucky Fares til Íslands

1480,-

frá DKK

með flugvallarsköttum, í gildi allt árið.

Bókað á www.icelandair.dk

